


Samband íslenskra sveitarfélaga

Orkuráðstefna á Laugum 13. – 14. maí 2011


Skattar á vatnsaflsvirkjanir í Noregi

Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs




Samtök vatnsaflsvirkjanasveitarfélaga

- LVK (Landssamanslutninga av Vasskraftkommuner)
 - Stofnuð árið 1978
 - Hagsmunasamtök sveitarfélaga sem hafa hagsmuna að gæta varðandi framkvæmdir við og rekstur vatnsaflsvirkjana
 - 169 aðildarsveitarfélög
 - 40% sveitarfélaga
 - 63% af flatarmáli landsins
 - 17% íbúanna
-




Samtök vatnsaflsvirkjanasveitarfélaga

- Landsþing samtakanna er haldið annað hvert ár. Öll aðildarsveitarfélög eiga seturétt á þinginu
 - Landsstjórn skipa einn fulltrúi frá hverju fylki sem hefur hagsmuna að gæta. Formaður kosinn sérstaklega á landsþingi.
 - Framkvæmdastjórn skipa fjórir fulltrúar, einn frá hverjum landshluta og formaður samtakanna
 - Héraðafundir (6-7) eru haldir það ár sem landsþing er ekki haldið
-




Markmið og forsendur

- Meginmarkmið samtakanna
 - Vinna að því að viðkomandi sveitarfélög fái til ráðstöfunar varanlegan hluta þeirrar verðmætasköpunar sem á sér stað í sveitarfélaginu
 - Fallvötn eru staðbundin náttúruauðlind
 - Sérhver vatnsaflsvirkjun hefur í för með sér varanleg áhrif á náttúruna




Sögulegt yfirlit

- Grunnforsenda sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga er réttur þeirra til staðbundinnar skattlagningar.
 - Víða eru vatnsaflvirkjanir stærstu fyrirtækin innan einstakra sveitarfélaga
 - Sveitarfélögin hafa rétt til að skattleggja þessi fyrirtæki eins og önnur
 - Fasteignaskattur og auðlindaskattur eru mikilvægustu skattarnir sem lagðir eru á virkjanir
-




Sögulegt yfirlit

- Í Noregi hefur verið breið pólitísk samstaða sl. 100 ár um að sveitarfélög, sem þurfa að afsala sér verðmætum náttúruauðlindum, eiga að fá ákveðinn hluta af þeirri verðmætasköpun sem á sér stað í sveitarfélaginu
 - Hæstiréttur hefur dæmt sveitarfélögum í hag í slíkum málum með dómum frá árunum 1978 og 1984
-




Sögulegt yfirlit

- Með opnari orkumarkaði, vaxandi áherslu á stöðu umhverfismála við nýtingu einstakra orkumöguleika og nýkomnu aðgengi að evrópska orkumarkaðinum hafa verðmæti vatnsaflsauðlinda vaxið verulega.
-




Miklar fjárfestingar – mikil áhrif

- Með opnari orkumarkaði, vaxandi áherslu á stöðu umhverfismála við nýtingu einstakra orkumöguleika og nýkomnu aðgengi að evrópska orkumarkaðinum hafa verðmæti vatnsaflsauðlinda vaxið verulega
 - Mestu fjárfestingar samfélagsins á landsbyggðinni hafa átt sér stað innan orkugeirans en þær hafa einnig haft í för með sér umfangsmestu breytingar á náttúru landsins af mannavöldum
-




Miklar fjárfestingar – mikil áhrif

- Stór landssvæði hafa farið undir vatn
 - Ár hafa verið þurrkaðar
 - Gróðurlendi og fiskveiðimöguleikar hafa horfið
 - Leigutekjur af veiðum hafa horfið
 - Ósnortin náttúra verður æ verðmætari
-




Bæta ber varanlegan skaða

- Unnið hefur verið út frá því sl. 100 ár að þau samfélög sem verða fyrir varanlegum breytingum á náttúrunni eiga rétt á bótum
 - Gildir ekki einvörðungu fyrir viðkomandi landeigendur heldur einnig fyrir samfélagið í heild sinni
 - Sveitarfélagið annast hagsmuni samfélagsins
-




Útfærsla sértækra skatta

- Skattur á hagnað
 - 28% skattur af reiknuðum hagnaði
 - Sveitarfélögin fengu hlutdeild í þessum skatti á árunum 2005-2009
 - Skatturinn var of sveiflukenndur til að hann hentaði þörfum sveitarfélaganna
 - Breytingar gerðar á tekjuskatti og eignaskatti í staðinn
-



Útfærsla sértækra skatta


- Auðlindaskattur
 - Sértækur skattur fyrir orkufyrirtæki
 - Skatturinn er lagður á einstakar virkjanir
 - Reiknaður út frá meðaltalsorkuframleiðslu (kWh) sl. 7 ára
 - 1,1 eyrir NOK / kWh rennur til sveitarfélagsins
 - 0,2 eyrir NOK / kWh rennur til fylkisins
 - Virkjunin getur dregið skattinn frá tekjuskattinum
 - Árleg heildarskattgreiðsla til sveitarfélaganna 1,2 m.a. NOK
-



Útfærsla sértækra skatta


- Fasteignaskattur

- Sveitarfélögin innheimta fasteignaskatt
 - 285 af 480 sveitarfélögum leggja á fasteignaskatt
 - Virkjanir eru stærstu greiðendur fasteignskatts
 - Lágmarksskattstofn: 0,95 NOK/kWh
 - Hámarksskattstofn: 2,35 NOK/kWh
 - Skattaívilnun til stórra og hagkvæmra virkjana miðað við þær sem eru óhagkvæmari
 - LVK vill fella þessar viðmiðanir niður
-




Útfærsla sértækra skatta

- Fasteignaskattur
 - Fasteignaskattur af virkjunum hefur að hluta til áhrif á útreikning jöfnunarframlaga
 - Andlag fasteignaskatts á hverja einstaka virkjun eru öll mannvirki ofanjarðar sem neðanjarðar að raflínunum undanskyldum
 - Ef mannvirki nýtist fleiri en einni virkjun er skattinum deilt með orkuframleiðslujöfnu
 - Norges Vassdrag- og Energidirektoratet (NVE) reiknar úr GAV (gjenanskaffningsverdet / endurfjárfestinegarvirði) fyrir hverja virkjun
-



Útfærsla sértækra skatta


- Fasteignaskattur
 - Ef virkjunarframkvæmdir ná yfir sveitarfélagamörk er fasteignaskatti skipt milli viðkomandi sveitarfélaga
 - Skatti af stíflum er skipt eftir rúmmáli
 - Skatti af göngum er skipt eftir lengd
 - Skatti af virkjunarhúsi og vélum er skipt annað hvort eftir umfangi eða til helminga ef virkjunarhús stendur á sveitarfélagamörkum
-



Útfærsla sértækra skatta


- Fasteignaskattur

- Skattstofn fasteignaskattsins byggist á arðsemismati virkjunarinnar og á að endurspegla markaðsverðmæti hennar
 - Áhættuhluti í núvirðisreikningum er metinn út frá ávöxtunarkröfu í kauphöll Osló (á bilinu 3-4%)
 - Við útreikninga á ávöxtunarkröfunni var unnið út frá ákveðinni fjárhæð sem fasteignaskatturinn átti að skila sveitarfélögunum (1,0 ma. NOK)
 - Hámarksfasteignaskattur: 7,0 prómill á verðmæti mannvirkis
-




Útfærsla sértækra skatta

- Starfsleyfisskattur (Konsesjonsavgift)
 - Handhafi virkjanaleyfis greiðir leyfisgjald til sveitarfélagsins
 - Skal færa sveitarfélaginu hluta af verðmætasköpuninni
 - Bætur fyrir skaða og óþægindi vegna framkvæmda sem ekki verða bættar á annan veg
 - Byggir á útreikningi á tæknilegri framleiðslugetu virkjunarinnar (náttúruhestöfl)
 - Byggir á fallhæð og nýtanlegu vatnsmagni
 - Föst árleg fjárhæð sem er verðbætt á fimm ára fresti
 - Fjárhæðin skal renna í sérstakan sjóð þar sem ávöxtunin renni til stuðnings atvinnuuppbyggingu í héraði
-




Útfærsla sértækra skatta

- Starfsleyfisorka (Konsesjonskraft)
 - Frá upphafi 20 aldar hefur virkjunum verið álagt að afhenda hluta orkuframleiðslunnar til þeirra sveitarfélaga sem tengjast virkjanaframkvæmdum
 - Þau sveitarfélög sem létu auðlindir sínar af hendi í almannapágu ættu að ná álíka velferð
 - Eigendur virkjana skilgreina þetta sem skatt
 - LVK skilgreinir þetta frekar sem eignarhluta sveitarfélaganna í viðkomandi orkuframleiðslu
-




Útfærsla sértækra skatta

- Starfsleyfisorka (Konsesjonskraft)
 - Allt að 10% af orkuframleiðslu virkjunar getur runnið til viðkomandi sveitarfélags
 - Takmarkast við almenna rafmagnsnotkun innan marka sveitarfélagsins
 - Ef notkun sveitarfélagsins er lægri en 10% af framleiddri orku virkjunar þá rennur það sem eftir stendur til fylkisins
 - Verð orkunnar er reiknað út frá meðalframleiðslukostnaði skv. útreikningi ráðuneytis
 - Fyrir virkjanir sem eru byggðar fyrir 1959 er verðið reiknað út frá framleiðslukostnaði hvernar virkjunar
-



Útfærsla sértækra samninga

- Sérstakir samningar
 - Oft eru gerðir sérstakir samningar milli virkjunaraðila og viðkomandi sveitarfélags
 - Markmið samnings er að styrkja atvinnulíf og mannlíf í samfélaginu
 - Bæði á fjárhagslegum grunni og í formi sérstakra aðgerða
 - Sveitarfélagið hefur ekki réttarstöðu til að krefjast slíks samnings
 - Slíkir samningar verða sífelldu algengari
-



Önnur atriði

- Annað
 - Endurskoðun eldri samninga
 - Samningar oft til 50 ára
 - Gefur möguleika á að aðlaga samninga og skilyrði að kröfum nútímans
 - Nýtingarréttur
 - Opinberir aðilar hafa óendanlegan rétt til að nýta virkjanaréttindi
 - Einkaaðilar hafa yfirleitt slíkan nýtingarrétt til 60 ára
 - Þegar samningur rennur út þá yfirtekur ríkið virkjunina
 - Viðkomandi sveitarfélag hefur þá rétt til allt að 1/3 af verðmæti virkjunarinnar. Stórþingið tekur ákvörðun um hlutfallið í hverju einstöku máli.
-